



56. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn rafrænt á Teams miðvikudaginn 1. nóvember 2023 og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Axel Grettisson, Þröstur Friðfinnsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Sigríður Guðrún Hauksdóttir í forföllum Guðjóns M. Ólafssonar, Þorsteinn Egilsson í forföllum Sigurðar Þórs Guðmundssonar, og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Flugklasinn Air66

Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands mætti til fundarins og kynnti stöðu flugklasans Air66.

Stjórn SSNE þakkar Arnheiði fyrir kynninguna og hvetur sveitarfélögin til að styðja þetta mikilvæga verkefni áfram.

2. Tillaga vegna stofn- og rekstrarstyrkja Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Lögð fram tillaga um að leggja niður stofn- og rekstrarstyrki Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra og færa áhersluna yfir í verkefnastyrki menningarmála. Einnig rætt um stöðu úthlutunar Uppbyggingarsjóðs og vinnuna framundan við nýja Sóknaráætlun sem mun fara af stað á næsta ári. Dána Jóhannsdóttir verkefnastjóri mætti til fundarins undir þessum lið.

Stjórn frestar afgreiðslu til næsta fundar.

3. Líforkugarðar á Dysnesi

Kristín Helga Schiöth verkefnastjóri mætti til fundarins og kynnti heimsókn sem farin var til Finnlands og Noregs til að kynna sér starfsemi líforkuvera þar. Kristín Helga kynnti einnig stöðu verkefnisins, en opinn kynningarfundur fyrir íbúa í Hörgársveit verður haldinn 2. nóvember næstkomandi.

Stjórn þakkar fyrir kynninguna.

4. Samgöngustefna Norðurlands eystra

Lögð fram drög að Samgöngustefnu Norðurlands eystra í samræmi við niðurstöðu haustþings SSNE í október. Einnig voru lögð fram drög að umsögn um tillögu að samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, mál 315 sem nú er til umræðu á Alþingi.

Stjórn samþykkir framlagða stefnu í samræmi við áorðnar breytingar á fundinum.

Katrín Sif Ingvarsdóttir yfirgaf fundinn kl. 15.

5. Fundaáætlun ársins 2024

Lögð fram tillaga að áætlun um fundi stjórnar SSNE árið 2024.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu með áorðnum breytingum á fundinum. Stjórn samþykkir jafnframt að ársþing SSNE verði haldið í Þingeyjarsveit 17.-18. apríl n.k..

6. Heimsókn til Danmerkur í vor

Framkvæmdastjóri ræddi mögulega heimsókn sveitarstjórnarfólks á Norðurlandi eystra til Danmerkur í mars.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra verkefnið frekar og taka málið aftur upp á næsta stjórnarfundum.

Helena Eyðis Ingólfssdóttir og Þórunn Sif Harðardóttir yfirlögðu fundinn kl. 15.30.

7. Mál til umsagnar

- a. [Tillaga til þingsályktunar um fasta starfsstöð þylu Landhelgisgæslunnar á Akureyri – 327. mál.](#)

Stjórn samþykkir framlögð drög að umsögn um málið.

- b. [Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 – 315. mál.](#)

Stjórn samþykkir framlagða umsögn með áorðnum breytingum á fundinum.

- c. [Frumvarp til laga um kosningalög \(jöfnun atkvæðavægis\), 6. mál.](#)

- d. [Tröllaskagagöng milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, 48. mál.](#)

Stjórn samþykkir framlögð drög að umsögn um málið.

8. Mál til kynningar

- a. [Þinggerð haustþings SSNE 2023.](#)
- b. [Fundargerð 91. fundar stýrihóps um byggðamál.](#)
- c. [Greinargerð sóknaráætlana fyrir árið 2022.](#)

9. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur helstu atriði úr starfi SSNE

Fundi slitið kl. 15.50.